

Hands Up – Upp með hendur

Hratt og fjörugt spil sem reynir á handafimi leikamanna. Höfundurinn er Jacques Zeimet, spilið er fyrir 4-16 fimar hendur (2-8 leikmenn) frá 6 ára aldri.

Innihald: 58 spjöld með höndum, leikreglur

Markmiðið: Sá sem er með fæst spjöld fyrir framan sig í lok spilsins er sigurvegarinn!

Undirbúningur: Stokkið spjöldin og leggið þau á hvolf í bunka á mitt borðið.

Leikmenn setjast í kringum borðið og halda höndunum að líkama sínum. Yngsti leikmaðurinn byrjar spilið og er dómari í fyrstu umferð.

Spilið sjálf: Dómari snýr snögg við efsta spjaldinu í bunkanum. Þá eiga allir hinir leikmennirnir að flýta sér að setja hendurnar sínar í eins stöðu og myndin á spjaldinu sýnir. Sá sem er síðastur til að koma höndunum í rétta stöðu tapar umferðinni og til hegningar er spjaldið sett niður fyrir framan hann.

Leikmaðurinn sem tapaði er dómari í næstu umferð.

Dómari sker um hver er síðastur. Hann fer líka yfir hvort allir leikmenn eru með hendurnar í réttri stöðu. Ef dómari getur ekki sagt til um hver var síðastur er spjaldinu ekki útdelt í þeirri umferð. Í slíku tilviki er hann einnig dómari í næstu umferð og leikmaðurinn sem tapar henni fær bæði spjöldin.

ATHUGIÐ: Nokkrar handastöður sem sýndar eru á spjöldum er **EKKI** hægt að framkvæma! Ef slíkt spjald kemur upp eiga leikmenn ekki að leggja hendurnar á borðið, heldur eiga þeir að setja þær í aðra hvora eftirfarandi stöðu:



Hendurnar á spjaldinu eru samhliða:

Setjið hendurnar í kross fyrir framan brjóstkassann.



Hendurnar á spjaldinu eru lagðar í kross:

Setjið hendurnar upp í loftið og samhliða hvor annarri.

Leikslok: Spilinu lýkur eftir að síðasta spjaldið er snúið við. Leikmaðurinn með fæstu spjöldin er sigurvegarinn.

***** Tilbrigði *****

Skemmtun með félagam: Leikmenn sitja tveir og tveir saman, öxl í öxl. Félaginn á hægri hönd sér um að mynda hægri höndina á spjaldinu en félaginn á vinstri hönd sér um vinstri höndina. Þetta leikjatilbrigði hentar sérstaklega vel þegar 6 eða 8 leikmenn spila saman.

Skemmtun með börnum: Notaðu aðeins spjöldin með samhliða höndum. (Það þýðir að þegar ómögulegu spjöldin koma upp þá eru hendurnar alltaf settar í kross fyrir framan brjóstkassann.)

Góða skemmtun!

Nordic Games, www.nordicgames.is

Júní 2011